

<b>Tillaga</b>	A 1958/UVN
<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur jafnaðarmanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna velferðarnefndin

## A 1958/UVN Þingmannatillaga um jafnréttismiðaða loftlagsstefnu

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að greina og meta stefnumótun og aðgerðir í loftslagsmálum út frá jafnréttissjónarmiðum
- að kynjaskipta talnagögnum um neyslumynstur, -venjur og áhrif pólitískra ákvarðana
- að hafa jafnréttissjónarmið í huga við gerða nýrra tillagna í loftslagsmálum
- að taka tillit til ólíka aðstæðna karla, kvenna, drengja og stúlkna við breytingar í loftslagsmálum
- að tryggja áhrif kvenna á öllum stigum umskipta vegna loftslagsmála, allt frá alþjóðlegum viðræðum til innlendra stjórn mála

### Bakgrunnur

Það hefur verið rannsakað gaumgæfilega hvaða áhrif breytingar í loftslagsmálum hafa á konur en það er hins vegar sjaldan rætt. Skýrsla frá Norðurlandaráði sýnir að sjaldan er tekið tillit til jafnréttissjónarmiða í áætlunum í loftslagsmálum.

Norrænu löndin hafa náð langt með tilliti til jafnréttis og jafnréttissjónarmið eru ríkjandi í flestum málaflokkum. Það er ekki jafn greinilegt þegar kemur að loftslagsmálum.

Þegar loftslagsbreytingar hafa áhrif á lífskjör snertir það bæði konur og karla. Í alþjóðlegu tilliti koma loftslagsbreytingar sérlega illa við konur sem búa við fátækt. Spor karla og kvenna eru mismunandi mikil við losun gróðurhúsalofttegunda vegna mismunandi neyslumynsturs og lífsstíls. Rannsóknir sýna að í löndum þar sem aukið kynjajafnrétti ríkir er sjálfbær þróun örari og útbreiddari.

Á Norðurlöndum er lífsstíll karla og kvenna mismunandi og það endurspeglast líka í ólíkum áhrifum kynjanna á loftslagið. Í Svíþjóð er losun vegna ferðahátta karla tvöföld á við ferðahætti kvenna. Ef karlar ferðuðust með sama hætti og konur myndi losun vegna



fólksferða í Svíþjóð minnka um næstum 20% og við myndum samstundis ná þeirri fækkun bílferða sem talið er að þurfi til að ná markmiðum í loftslagsmálum til ársins 2050.

Einnig er munur í viðhorfi til loftslagsbreytinga. Konur forgangsraða umhverfispáttum umfram karla, bæði hvað varðar gildismat og í hegðun. Til að dragar úr muni á milli karla og kvenna er mikilvægt að konur komi að ákvarðanatöku. Ef umskipti í loftslagsmálum á að vera árangursrík er nauðsynlegt að taka tillit til réttinda bæði karla og kvenna.

Í Parísarsamkomulaginu kemur fram að umskipti í loftslagsmálum skuli fara fram með tilliti til mannréttinda og jafnréttis. Til dæmis skal vinnan við innleiðingu loftslagsaðgerða fara fram með jafnréttissjónarmið í huga. Parísarsamkomulagið segir líka að minnkun losunar skuli eiga sér stað innan ramma sjálfbærrar þróunar, þar sem jafnrétti er eitt markmiðanna, samkvæmt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttissjónarmið hafa verið hluti loftslagssamningsins frá árinu 2001 og eru nú fastur dagskrárliður á COP-ráðstefnunum. Í tengslum aðgerðaáætlun í jafnréttismálum (Gender Action Plan, GAP) eru fimm forgangssvið:

- Getuuppbygging, þekkingarmiðlun og samskipta- og upplýsingastarf.
- Jöfn hlutdeild, þátttaka kvenna og forysta.
- Samræmd stefna.
- Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í framvæmdum og úthlutun tilfanga.
- Eftirfylgni og skýrslugjöf.

Þrándheimi, 9. ágúst 2023

*Anna Vikström (S)*  
*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*  
*Annette Lind (S)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Heléne Björklund (S)*  
*Henrik Møller (S)*  
*Jani Kokko (sd)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*

*Karianne B. Bråthen (A)*  
*Kim Aas (S)*  
*Kim Berg (sd)*  
*Malte Larsen (S)*  
*May Britt Lagesen (A)*  
*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Pinja Perholehto (sd)*  
*Tove Elise Madland (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*